

# Samband dýraverndunarfélaga Íslands SDÍ.

Fjölnisvegi 16, 101 Reykjavík. Sími 5523044 - Talhólf 8818442 - Fax 5523044  
Netfang: sigri@islandia.is

Alþingi  
Erindi nr. P 123/1255

Reykjavík 3. mars 1999. komudagur 3. 3. '99

Nefndasvið Alþingis,  
Þórshamri v/ Templarasund,  
150 Reykjavík.

Sambandi dýraverndunarfélaga Íslands barst sl. föstudag 26. mars frumvarp til laga um náttúruvernd 528. mál, heildarlög, til umsagnar. Því miður er þetta of stuttur fyrirvari til að hægt sé að skila markvissri og ítarlegri umsögn um þetta yfirgripsmikla frumvarp, sem er alls 79. greinar.


Þrátt fyrir þetta vill SDÍ gera örfáar athugasemdir við frumvarpið. Við yfirlestur kemur strax í ljós að mikillar ónákvæmni gæti varðandi gildissvið gagnvart öðrum lögum og þá sérstaklega að því er varðar lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum dýrum. Í 2. grein segir að frumvarpið breyti í engu ákvæðum þessara laga en jafnvel þótt lögín séu lesin samhliða frumvarpinu er ekki talað sama tungumál og nánast ómögulegt að finna samhengi þar á milli. T. d. segir í lögnum að villt dýr séu friðuð, með nokkrum undantekningum og að við skipulag skal tekið tillit til þeirra dýra og lífsvæða þeirra. Í lögnum eru dýr hvergi nefnd á nafn en notast við safnheitið "lífverur", sem er ekki skilgreint en mun fela í sér allt frá örverum upp í manneskjur, að plöntum meðtöldum. Í frumvarpinu er ekkert að finna um lífsvæði villtra dýra eða plantna en talað um "náttúruminjar", sem munu þýða "lífverur, búsvæði þeirra og vistkerfi, sem eru á náttúruminjaskrá". Þarna ægir öllu saman, sem fyrr segir og ekkert tillit virðist vera tekið til þeirra friðlýsinga, sem mælt er fyrir um í lögum og virðist réttur villtra dýra samkvæmt lögum nr. 64/1994, vera á reiki.

Í um það bil 30 ár hefir Samband dýraverndunarfélaga Íslands átt fulltrúa á náttúruverndarþingi, samkvæmt lögum. Í núgildandi lögum segir um samsvarandi "félagasamtök" en í frumvarpinu virðist endanlega búið að afskrifa dýraverndarsamtökin. Óskað eftir að þau eigi hlut að máli hér eftir, sem hingað til og að í 10. gr. 2. mgr. 2. setningu frumvarpsins komi eftirfarandi viðbót: "Á náttúruverndarþingi skulu m.a. eiga sæti Náttúruverndarráð, fulltrúar náttúrustofa, náttúruverndarnefnda, hagsmunaaðila, náttúruverndar-, dýraverndar-og útivistarsamtaka .....osfrv..

Verksvið náttúruverndarnefnda er nánast óskilgreint og er það miður, því reglugerðarákvæði, sem hafa ekki lagastoð eru léttvæg í framkvæmd.

Frumvarpið er að mörgu leyti all ítarlegt og því erfitt að sætta sig við að málefni dýranna skuli nánast sniðgengin og þau flokkuð með örverum og plöntum. Þann hluta frumvarpsins, sem lýtur að dýrunum þarf að vinna miklu betur.

Virðingarfyllst,  
f.h/ Stjórnar SDÍ,

  
Sigríður Asgeirsdóttir formaður.